

9. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu

Langanesbyggðar Fjarðarvegi 3, miðvikudaginn 20. maí. 2015 kl. 12:00

Mætt voru: Gunnólfur Lárusson formaður, Sölvi Ólason, Ásberg Steinsson, Aðalbjörn Arnarsson, Sigurður Marinósson. Formaður bauð fundarmenn velkomna, setti fundinn, og spurði hvort einhver gerði athugasemd við fundarboð, engar athugasemdir gerðar.

Dagskrá

1. Grenndarkynning vegna Bakkavegar 19

Í ljósi þess að Bakkavegur 19 er ekki á deiliskipulagi óskar umhverfisnefnd eftir því að bygging sú sem á að rísa á Bakkavegi 19 verði grenndarkynnt fyrir eigendum eftirtalinna eigna: Bakkavegur 23, Bakkavegur 17, Vesturvegur 11, Vesturvegur 13, Vesturvegur 9, Vesturvegur 7 og Langanesvegur 3b. Stærð iðnaðarhúss er 300m², lengd 20 metrar, breidd 15 metrar, hæð veggja 5 metrar og hæð upp á kjöl 5,7 metrar. Geir ehf. falið að sjá um grenndarkynninguna. Samþykkt samhljóða.

2. Hreinsunardagur í Langanesbyggð.

Umhverfisnefnd hefur ákveðið að hreinsunardagur í Langanesbyggð verði fimmtudaginn 28 maí kl. 17:00 – 19:00

Umhverfisnefnd hvetur alla til að taka þátt, hvetur fólk til að fjarlægja td.afskráða bíla svo og aðra þá hluti sem ekki eiga heima á lóðum.

3. Önnur mál.

- a. Nefndin leggur til að leitað verði leiða til að fjölga bílastæðum frá Austurvegi 2-8.
- b. Nefndin leggur til að tveir bekkir með borðum verði settir á hafnarsvæðið á Bakkafirði þar sem mikil aðsókn ferðafólks er á þetta svæði og jafnframt að athuga hvort hægt verði að setja útigrill á svæðið.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl.13:00